Öryggisleiðbeiningar

Kafli 1 Söluheiti vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Þessar öryggisleiðbeiningar uppfylla lög og reglugerðir á Íslandi frá og með dagsetningu skjalsins.

Vara

Heiti vöru: **N1 HIGH TEMP GREASE EP (Claytac 162 EPHT)**
Lýsing vöru: Grunnolía og viðbótarefni
Vörunúmer: **06700116, 0670011660**
Notkun: Feiti

Framleiðandi: Axel Christiernsson AB, P.O. Box 2100, 1 Februariveg 13, SE 449 11/NOL, Svíþjóð.

Innflytjandi/Seljandi: N1, Dalvegi 10-14, IS-201 Kópavogi, Íslandi.

Eitrunarmiðstöð	543 2222
Upplýsingar um öryggisleiðbeiningar	440 1171
Tæknilegar upplýsingar	440 1048
Netsíða/Netfang	www.n1.is / n1@n1.is

Kafli 2 Áhættumat

Upplýsingar um innihald
Varan er smurfeiti af leirþykktum stofni (bentonit), byggð á jarðolíuefnum með íblöndunarefnum. Jarðolían í vörunni inniheldur <3% DMSO-kjarna (IP 346).

Kafli 3 Samsetning / upplýsingar um innihaldsefni

Hættuleg efni og efnasameindir sem ber að tilkynna.
Varan er ekki flokkuð sem hættuleg samkvæmt viðbúnaðarreglum (1999/45/EC).
Endurtekin snerting við húð getur orsakað ofþornun, eða sprungumyndun. Efnið getur valdið hálkumyndun.

Kafli 4 Fyrsta hjálp

Innöndun
Ef reyk frá efninu er andað að sér: Ferskt loft og hvíld.

Snerting við húð
Þvoið svæðin sem komust í snertingu við efnið með vatni og sápu.

Snerting við augu
Skolið vandlega með vatni. Leitið læknishjálpar ef efnið veldur ertingu.

Inntaka
Ekki framkalla uppköst. Leitið læknishjálpar ef mikill hósti, eða uppköst eiga sér stað, eða ef mikils magns hefur verið neytt.

Kafli 5 Eldvarnir

Slökkviefni

Viðeigandi slökkviefni: Notið froðu, duft eða koltvíoxíð (CO2) til að slökkva elda.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota: Vatnsbuna

Hlífðarbúnaður fyrir slökkviliðsmenn:
Forðist innöndun frá eldi. Notið öndunargrímur ef efnið brennur.

Eld- og sprengihætta: Efnið er ekki eldfimt, en brennur. Við bruna myndast ertandi reykur.

Kafli 6 Ráðstafanir við efnaleka

Öryggisráðstafanir til varnar umhverfis: Komið í veg fyrir losun efnisins í frárennsliskerfi, eða beint út í umhverfið.

Hreinsunaraðferðir: Litlu magni er hægt að ná með ísogsefnum. Mikið magn ætti að hylja með sandi, mold eða öðrum jarðvegi og það síðan sett í stærri ílát til frekari eyðingar

Kafli 7 Meðhöndlun og geymsla

Meðferðarráðstafanir:
Komið í veg fyrir að efnið leki á gólf, þar sem það getur valdið hálku.

Ráðleggingar um meðferð: Klæðist viðeigandi búningi til að forðast endurtekna, eða stöðuga snertingu við efnið.

Geymsla: Geymist einungis í upphafsumbúðum við hitastig lægra en 50°C. Haldið umbúðum vel lokuðum og þurrum.

Kafli 8 Snertieftirlit / Varnir fólks

Snertieftirlit: Olíugufa myndast ekki við venjulegar aðstæður.

Innöndunarvarnir: Notið einungis öndunargrímur ef olíugufur myndast.

Augnvarnir: Engar sérstakar ráðstafanir nauðsynlegar.

Handvarnir: Við endurtekna og stöðuga snertingu, klæðist hlífðarhönskum.

Hlífðarfatnaður: Klæðist viðeigandi fatnaði til þess að forðast endurtekna og stöðuga snertingu.

OEL gildi:

Nafn efnis: Olíuþoka. **Tíðni:** 8 klst. **mg/m3:** 5,0. **Ártal:** 1990.

Kafli 9 Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Almennar upplýsingar

Eðliseiginleikar: Fast mjúkt efni
Form: Þykkt eftir NLGI flokkun 2
Litur: Gulbrúnn
Lykt: Jarðolíu
Uppleysieiginleikar: Blandast ekki vatni.

Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar: Blossamark: >150°C. **Eðlisþyngd:** 1000 kg/m3

Skoðun eðlis- og efnafræðilegra eiginleika: Skoðun: 1). **Umsögn:** @25°C.

Kafli 10 Stöðugleiki og hvarfgirni

STÖÐUGLEIKI: Efnið er stöðugt undir venjulegum kringumstæðum.

Kafli 11 Eiturfræðilegar upplýsingar

Innöndun: Innöndun olíugufu getur valdið ertingu, höfuðverk, flökurleika og öndunarerfiðleikum.

Húðsnerting: Getur valdið ertingu við langvarandi, eða endurtekna snertingu.

Augnsnerting: Getur valdið ertingu/sviða.

Neysla: Getur valdið vanlíðan.

Kafli 12 Upplýsingar um umhverfisáhrif

Hættur gagnvart umhverfinu: Efnið er ekki talið hættulegt umhverfinu. Tilfallandi mikil mengun, eða tíð minniháttar mengun getur haft skaðleg, eða truflandi áhrif.

Möguleg dreifing í náttúrunni: Efnið flýtur á vatni. Ef mengun verður í jarðvegi, þá blandast efnið jarðveginum.

Niðurbrot: Brotnar ekki auðveldlega niður í náttúrunni.

Kafli 13 Förgun

Almennar ráðleggingar: Notað efni og efnisleifar sem ekki er hægt að endurnýta er meðhöndlað sem hættulegur úrgangur. Förgn skal vera í samræmi við gildandi reglur yfirvalda á staðnum. Sendið vel tæmdar umbúðir í viðurkennda endurvinnslu.

Flokkun úrgangs: EWC 13 08 99 (olíuúrgangur ef ekki öðruvísi tilgreint).

Kafli 14 Flutningur

Ekki flokkað sem hættulegur flutningur.

Kafli 15 Upplýsingar um lög og reglugerðir

Efnið er ekki skaðlegt samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins (EU Dangerous Substances/Preparations Directives, 1999/45/EC).

EU MERKING: Fellur ekki undir lög EU um merkingar.

Kafli 16 Aðrar upplýsingar

Uppruni upplýsinga: Axel Christiernsson AB, P.O.Box 2100, 1 Februariveg 13, SE 449 11/NOL, Svíþjóð.